

Hluthafafundur Símans hf. verður haldinn
þann 28. nóvember 2018 kl. 10
í höfuðstöðvum félagsins, Ármúla 25, Reykjavík.

Dagskrá

1. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
2. Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar.
3. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
4. Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
5. Önnur mál löglega upp borin.

Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins varða grein 11.2 og 11.4 og þá er lagt til að ný grein 10.12 bætist við samþykktir, en allar breytingarnar lúta að því að koma á fót tilnefningarnefnd í félaginu í samræmi við góða stjórnarhætti. Einnig er gerð tillaga um bráðabirgðaákvæði í þeim tilgangi að unnt verði þá strax að ganga frá skipan nefndarinnar svo hún megi hefja þegar störf til undirbúnings fyrir aðalfund á næsta ári.

Eins og fram kemur í tillögum stjórnar sem liggja fyrir fundinum leggur stjórn félagsins til eftirfarandi nefndarmenn í tilnefningarnefnd:

Jensína Kristín Böðvarsdóttir og Steinunn Kristín Þórðardóttir.

Ekki bárust önnur framboð í tilnefningarnefnd. Verði tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins þess efnis að komið verði á fót tilnefningarnefnd innan félagsins samþykkt sem og tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar er því sjálfkjörið í nefndina.

Þá er gerð tillaga sem mælir fyrir að félagið skuli á vef sínum birta upplýsingar um 20 stærstu hluthafa félagsins, verður það ný grein 5.4.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Aðrar upplýsingar

Á vef félagsins, <https://www.siminn.is/forsida/siminn/fjarfestar/hluthafafundur>, er að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við hluthafafundinn, þ.m.t. dagskrá fundarins og tillögur stjórnar félagsins auk upplýsinga um skjöl sem lögð verða fyrir fundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða afhent á fundarstað frá kl. 9:30. Fundurinn fer fram á íslensku.

Reykjavík, 26. nóvember 2018
Stjórn Símans hf.